



Vor og sumar 2016

Leikskólinn Kópasteinn



# Vor og Sumar '16

## Sá ég Spóa

Sá ég Spóa  
suður í flóa  
syngur Lóa  
út í móa  
bí, bí, bí, bí  
vorið er komið  
víst á ný.

## Lóan er komin

Lóan er komin að kveða burt snjóinn  
kveða burt leiðindin, það getur hún  
hún hefur sagt mér að senn komi Spóinn  
sólskin í dali og blómstur í tún.  
Hún hefur sagt mér til syndanna minna  
ég sofi of mikið og vinni ekki hót.  
Hún hefur sagt mér að vaka og vinna  
vonglaður taka nú sumrinu mót.

(Páll Ólafsson)

## Vorvindar glaðir

Vorvindar glaðir, glettnir og hraðir  
geysast um löndin létt eins og börn.  
Lækirnir skoppa, hjala og hoppa,  
hvíld er þeim nóg í sæ eða tjörn.  
Hjartað mitt litla hlustaðu á,  
hóar nú smalinn brúninni frá.  
Fossbúinn kveður, kætir og gleður  
frjálst er í fjalladal.

(Helgi Valtýsson)

## Vertu til

Vertu til er vorið kallar á þig,  
vertu til að leggja hönd á plóg.  
Komdu út því að sólskinið vill sjá þig  
::sveifla haka og rækta nýjan skóg. Hei!::

(Tryggvi Þorsteinsson)

## Sólin skín og skellihlær

Sólin skín og skellihlær,  
við skulum syngja lag.  
Vetur kaldur var í gær,  
en vorið kom í dag.

Fallerí, fallera,  
fallerí, fallera-ha-ha-ha-ha-ha,  
fallerí fallera,  
en vorið kom í dag.

Þjóðlag frá Austurríki

## Ég nestispoka á baki ber

Ég nestispoka á baki ber  
og bregð mér upp á fjöll  
þar fjöldi álfa fylgja mér  
og ferleg hamratröll.

Holle rí, holle ra,  
holle rí, holle ra, ha, ha, ha...  
holle rí, holle ra,  
holle rí, ha, ha, ha, ha.

Svo líða dagar, líða ár  
og lítill verður stór.  
En oft man halur hærugrár  
hvar hann sem drengur fór.

Holle rí, holle ra,  
holle rí, holle ra, ha, ha, ha...  
holle rí, holle ra,  
holle rí, ha, ha, ha, ha.

## Við göngum mót hækkandi...

Við göngum mót hækkandi  
sól, sól, sól  
og sjáum hana þýða allt er  
kól, kól, kól.

Svo vætlurnar streyma  
og vetrinum gleyma  
því vorið er komið með  
sól, sól, sól.

## Sól sól skín á mig

Sól sól skín á mig  
ský ský burt með þig.  
Gott fyrir sólina að gleðja sig  
sól sól skín á mig.

Sólin er risin, sumar í bænum,  
sveitirnar klæðast feldinum grænum.  
Ómar allt lífið af yndi og söng  
unaðsbjörtu dægrið löng.

Sól sól skín á mig  
ský ský burt með þig.  
Gott fyrir sólina að gleðja sig  
sól sól skín á mig.

Blóm brekkur skrautlegar iðandi anga  
andblærinn gælir við marglita vanga  
ómar allt lífið af yndi og söng  
unaðs björtu dægrið löng

Sól sól skín á mig  
ský ský burt með þig  
gott er í sólinni að gleðja sig  
sól sól skín á mig.

Sól úti, sól inni  
Sól úti, sól inni,  
sól í hjarta, sól í sinni.  
Sól - bara sól!

## Signir sól

Signir sól, sérhvern hól,  
sveitin klæðist geislakjól.  
Blómin blíð, björt og frið,  
blika fjalls í hlíð.  
Nú er fagurt flest í dag  
fuglar syngja gleðibrag.  
Sumarljóð, sæl og rjóð  
syngja börnin góð.

## Blátt lítið blóm eitt er

Blátt lítið blóm eitt er,  
ber nafnið „Gleymdu' ei mér“,  
Væri ég fuglinn frjáls,  
flygi' ég til þín.  
Svo mína sálu nú  
sigraða hefur þú,  
engu ég unna má  
öðru en þér.

## Öxar við ána

Öxar við ána  
árdags í ljóma  
upp risi þjóðlið  
og skipist í sveit.  
Skjótum upp fána  
skært lúðra hljóma,  
skundum á Þingvöll  
og treystum vor heit.  
Fram fram aldrei að víkja  
fram fram bæði menn og fljóð.  
Tengjumst tryggðaböndum.  
tökum saman höndum.  
Stríðum, vinnum vorri þjóð.

## Sólin skín

Sólin skín,  
sólin skín.  
Allt um kring,  
allt um kring.  
Býr til birtu og skugga,  
skín inn um minn glugga.  
Mér verður hlýtt,  
mér verður hlýtt.  
(Lag: Meistari Jakob)

## Regnið streymir

Regnið streymir,  
regnið streymir.  
Yfir jörð,  
yfir jörð.  
Drippi, drippi, dropp, dropp.  
drippi, drippi, dropp, dropp.  
Pollur hér,  
handa mér.  
(Lag: Meistari Jakob)

## Um sólina og tunglið

Hvað gerir sólina þegar hún sest á kvöldin?  
Háttar litlu geislana ofan í himinsængina  
og fyrir stóru gluggana hún dregur stjörnutjöldin  
það gerir sólina á kvöldin  
Hvað gerir tunglið þegar það tekur völdin?  
Hristir silfurhattinn sinn, svo hrynur úr honum  
draumurinn  
og sáldrast yfir koll og kinn er sefur barnafjöldin  
það gerir tunglið á kvöldin

## Í sól og sumaryl

Í sól og sumaryl, ég sat einn fagran dag.  
Í sól og sumaryl, ég samdi þetta lag.  
Fuglarnir sungu og lítil falleg hjón  
flugu um loftin blá, hve það var fögur sjón.  
Í sól og sumaryl, sér léku lítil börn  
ljúft, við litla tjörn.

Í sól og sumaryl, ég sat og horfði á  
hreykna þrastarmóður mata unga sína smá.  
Faðirinn stoltur stóð þar sperrtur hjá  
og fagurt söng svo fyllti loftin blá.  
Í sól og sumaryl, sér léku lítil börn  
ljúft, við litla tjörn.

Í sól og sumaryl, ég samdi þetta lag,  
hve fagurt var þann dag.

## Nú er sumar

Nú er sumar,  
gleðjist gumar,  
gaman er í dag.  
Brosir veröld víða,  
veðurlagsins blíða,  
eykur yndishag.

Látum spretta,  
spori léttu,  
spræka fáka nú.  
Eftir sitjá engi,  
örvar víf og drengi,  
sumarskemmtun sú.

Tíminn líður,  
tíminn býður,  
sælan sólskinsdag.  
Yndi er úti á grundum,  
yndi heim þá skundum,  
seint um sólarlag.

## Ef væri ég söngvari

Ef væri ég söngvari  
syngi ég ljóð,  
/: um sólina vorið  
og land mitt og þjóð.:/

En mömmu ég gæfi  
mín ljúfustu ljóð,  
/: hún leiðir mig, verndar  
og er mér svo góð.:/

Ef kynni' ég að sauma  
ég keypti mér lín  
;., og klæði ég gerði  
mér snotur og fín. .,:

En mömmu úr silki  
ég saumaði margt  
;.: úr silfri og gulli,  
hið dýrasta skart. .,:

## Kvæðið um fuglana

Snert hörpu mína, himinborna dís,  
svo hlusti englar guðs í Paradís.  
Við götu mína fann ég fjararstúf  
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó  
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.  
Í huganum til himins oft ég svíf  
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,  
og sumir verða alltaf lítil börn.  
En sólin gyllir sund og bláan fjörð  
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyrí' í fjarska villtan vængjabyt.  
Um varpann leikur draumsins perluglit.  
Snert hörpu mína himinborna dís,  
og hlustið, englar guðs í Paradís.

## Hann Tumi fer á fætur

Hann Tumi fer á fætur  
við fyrsta hanagal  
að sitja yfir ánum  
lengst inní Fagradal.

Hann lætur hugann líða  
svo langt um dali og fjöll,  
því kóngur vill hann verða  
í voða stórri höll.

Og Snati hans er hirðffl  
og hrútur ráðgjafinn,  
og smalarhóll er höllin  
en hvar er drottningin?

## Bráðum fæðast lítil lömb

(Lag: Fyrr var oft í koti kátt)

Bráðum fæðast lítil lömb  
leika sér og hoppa  
með lítinn munn og litla vömb  
lambgrasið kroppa.  
Við skulum koma og klappa þeim  
kvölds og bjartar nætur  
reka þau í húsin heim  
hvít með gula fætur.

Fuglarnir sem flýðu í haust,  
fara að koma bráðum.  
syngja þeir með sætri raust,  
sveifla vængjum báðum.  
Við skulum hlæja og heilsa þeim,  
hjartansglöð og fegin,  
þegar þeir koma þreyttir heim  
þúsund mílna veginn.

## Lagið um það sem er bannað

Það má ekki pissa bak við hurð  
og ekki henda grjóti oní skurð  
ekki fara í bæinn og kaupa popp og tyggjó  
ekki nota skrúfjárn fyrir sleikjó.

Það má ekki vaða út í sjó  
og ekki fylla húfuna af snjó  
ekki tína blómin sem eru úti í beði  
ekki segja ráddi heldur réði.

Þetta fullorðna fólk er svo skrýtið,  
það er alltaf að skamma mann,  
þó maður geri ekki neitt,  
það er alltaf að skamma mann.

Það má ekki skoða lítinn kall  
og ekki gefa ketti drullumall  
ekki skjóta pabba með byssunni frá ömmu  
ekki tína orma handa mömmu.

Það má ekki hjóla útí búð  
og ekki gefa litla bróður snúð  
ekki fara að hlæja ef einhver er að detta  
ekki gera hitt og ekki þetta.

## Lítu sérhvert sólarlag

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt  
sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt  
hverju orði fylgir þögn  
og þögnin hverfur alltof fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund  
skaltu eiga við það mikilvægan fund  
því að tár sem þerrað burt  
aldrei nær að græða grund.

Lítu sérhvert sólarlag,  
sem þitt hinsta væri það.  
Því morgni eftir orðinn dag  
enginn gengur vísum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr  
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.  
Því skaltu fanga þessa stund  
því fegurðin í henni býr.

Lítu sérhvert sólarlag,  
sem þitt hinsta væri það.  
Því morgni eftir orðinn dag  
enginn gengur vísum að.

## Frú Kónguló

//: Um vefinn sinn labbar frú Kónguló. ://  
Hún ætlar að ná sér í flugu.

Fyrst nær hún sér í eina, svo nær hún sér í tvær,  
svo nær hún sér í þrjár.....

//: Svo labbar Frú Kónguló aftur heim ://  
og sefur í alla nótt.

## Það er krókódill í lyftunni minni

Það er krókódill í lyftunni minni, ég er  
svolítið smeik við hann. Það er  
krókódill í lyftunni minni, og hann  
getur étið mann.

Aahhh Krókódill **XX** förum **XX** á 1.  
hæð (2.3.4.5.....)  
þú færð ekki að éta mig, því að  
það er ég sem ræð.

## Það er kónguló sem spinnur vef

D-A-G-D-A-D

Það er kónguló sem spinnur vef á gólfinu x2  
Hvað er hún að gera inni hér í íbúðinni minni?  
Það er kónguló sem spinnur vef á gólfinu

Það er kónguló sem spinnur vef á fætinum x2  
Ég stappa fótunum og hoppa  
en hún ætlar ekki' að stoppa!  
Það er kónguló sem spinnur vef á fætinum

Það er kónguló sem spinnur vef á maganum x2  
Og svo hunsar hún mig bara  
er ég segi' henni að fara!  
Það er kónguló sem spinnur vef á maganum.

Það er kónguló sem spinnur vef á hálsinum x2  
Nei, nú fór hún yfir strikið  
þetta kitlar allt of mikið!  
Það er kónguló sem spinnur vef á hálsinum

Það er kónguló sem spinnur vef á nefinu x2  
Það getur varla orðið verra  
Því hún fær mig til að hnerra!  
Það er kónguló sem spinnur vef á nefinu... Atjúú!

Það er kónguló sem spinnur vef í hárinu x2  
Svo nú fer ég bara' í sturtu  
til að skola henni' í burtu!  
Það er kónguló sem spinnur vef í hárinu

Það er kónguló sem spinnur vef á gólfinu x2  
Hún á ekki' að vera inni hér í íbúðinni minni?  
Það er kónguló sem spinnur vef á gólfinu.

## Fann ég á fjalli

Fann ég á fjalli fallega steina.  
Faldi þá alla, vildi þeim leyna.  
Huldi þar í hellisskúta heillasteina,  
alla mína unaðslegu óskasteina.

Langt er nú síðan leit ég þá steina.  
Lengur ei man ég óskina neina  
er þeir skyldu uppfylla um ævidaga.  
Ekki frá því skýrir þessi litla saga.

Gersemar mínar græt ég ei lengur,  
geti þær fundið telpa' eða drengur,  
silfurskæra kristalla með grænu' og gráu,  
gullna roðasteina rennda fjólubláu.

## Kalli litli kónguló!

Kalli litli kónguló  
klifraði upp á vegg.  
Svo kom rigning og Kalli litli féll.  
Upp kom sólin og þerraði hans kropp  
og Kalli litli kónguló  
klifraði upp á topp.

Kalli litli kónguló  
klifraði upp í rúm  
það er kominn nótt  
og allt er orðið hljótt.  
Mamma kemur inn og býður góða nótt  
og Kalli litli kónguló  
sofnar vært og rótt.

## Hoppandi, klappandi

Hoppandi, hoppandi, hoppandi, hoppandi,  
hoppandi, hoppandi, hoppandi, hopp.  
Klappandi, klappandi, klappandi, klappandi,  
klappandi, klappandi, klappandi, klapp.

Stígandi, stígandi, stígandi, stíg,  
stígandi, stígandi, stígandi, stíg.  
Minnkandi, minnkandi, minnkandi, minnkandi,  
stækkandi, stækkandi.....SNÚA Í HRING.

## Fimm fílar

Fimm fílar löggð af stað í leiðangur  
lipur var ei þeirra fótgangur.  
Takturinn fannst þeim heldur tómlegur  
svo þeir tóku sér einn til viðbótar.

## Ljónin og fílarin

Ljónin, ljónin, ljónin, ljónin,  
ljónin hér og þar  
ljónin eru allstaðar!  
Tralla-la-la-la-LA! (Urta eins og ljón)  
Fílar, fílar, fílar, fílar,  
fílar hér og þar  
fílar eru allstaðar!  
Tralla-la-la-la-LA! (Lúðrahljóð eins og fíll)  
Draugar, draugar, draugar, draugar.  
Draugar hér og þar  
draugar eru allstaðar  
Tralla-la-la-la- LA! Bööö!  
Skrímsli, skrímsli, skrímsli, skrímsli  
Skrímsli hér og þar  
skrímsli eru allstaðar!  
Tralla-la-la-la, - LA! Úaaa!

# Skátasyrpa

## Úti um mela og móa

Úti' um mela og móa  
syngur mjúkrödduð lóa  
og frá sporléttum spóa  
heyrist sprellfjörugt lag.

A-a-a-holle-rasse-hía holle-rasse-hí gú gú  
holle-rasse-hía holle-rasse-hí gú gú  
holle-rasse-hía holle-rasse-hí gú gú  
holle-rasse-hía- húúú

Úti' um strendur og stalla  
hlakkar stór veiðbjalla.  
Heyrið ómana alla  
yfir flóa og fjörð.  
Holle-rasse hía...

Hérna' er krían á kreiki,  
þarna' er krumminn á reiki.  
Börnin léttstíg í leiki  
fara líka í dag.  
Holle-rasse-hía...

Hljóma lögin við látum;  
hæfir lífsglöðum skátum  
rómi kveða með kátum  
hérna kringum vorn eld  
Holle-rasse-hía...

## Með sól í hjarta

Með sól í hjarta  
og söng á vörum  
við setjumst niður  
í grænni laut.  
Í lágu kjarri  
við kveikjum eldinn  
kakó hitum  
og eldum graut.  
(Ragnar Jóhannesson)

## Þýtur í laufi

Þýtur í laufi bálið brennur  
blærinn hvíslar sofðu rótt.  
Hljóður í hafið röðull rennur,  
roðnar og býður góða nótt.  
Vaka þá ennþá vinnir saman,  
varðeldi hjá í fögrum dal.  
Lífið er söngur, glaumur gaman,  
gleðin hún býr í fjallasal.

## Kveikjum eld

Kveikjum eld, kveikjum eld, kátt hann brennur,  
sérhvert kveld, sérhvert kveld, syngjum dátt.  
Örar blóð, örar blóð um æðar rennur,  
blikar glóð, blikar glóð, brestur hátt.

Hæ, bálið brennur, bjarma á kinnar slær.  
Að logum leikur ljúfasti aftanblær.  
Kveikjum eld, kveikjum eld, kátt hann brennur,  
sérhvert kveld, sérhvert kveld, syngjum dátt.  
Oddgeir Kristjánsson / Árni úr Eyjum

## Litla flugan

Lækur tifar létt við máða steina  
lítill fjóla grær við skriðufót  
Bláskel liggur brotin milli hleina  
í bænum hvílir íturvaxin snót

Ef ég væri orðin lítill fluga  
ég inn um gluggan þreytti flugið mitt  
og þó ég ei til annars mætti duga  
ég eflaust gæti kitlað nefið þitt,  
ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.

## Vikivakar

Sunnan yfir sæinn breiða  
Sumarylind vindar leiða.  
Draumalandið himinheiða  
Hlær og opnar skautið sitt.  
Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt!  
A a a a a a a a.  
Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt.

Gakk þú út í græna lundinn,  
gáðu fram á bláu sundin.  
Mundu að það er stutt hver stundin,  
stopult jarðneskt yndi þitt.  
Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt.  
A a a a a a a a.  
Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt.

Allt hið liðna er ljúft að geyma,  
láta sig í vöku dreyma.  
Sólskinsdögum síst má gleyma,  
segðu engum manni hitt.  
Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt.  
A a a a a a a a.  
Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt.

## Gráðug kerling

Gráðug kerling  
hitaði sér velling  
og borðaði - namm, namm, namm!  
Síðan sjálf - jamm, jamm, jamm!  
af honum heilan helling!  
Svangur karlinn  
varð alveg dolfallinn  
og starði svo - sko, sko, sko!  
heilan dag - ho, ho ho!  
ofan'í tóman dallinn!

## Samverustund

(Lag: Allir krakkar)  
Halló krakkar, halló krakkar,  
velkomin í dag!  
Gaman er að sjá ykkur  
og gaman er að fá ykkur,  
halló krakkar, halló krakkar,  
velkomin í dag!

Jæja krakkar, jæja krakkar,  
takk fyrir í dag!  
Gaman var að sjá ykkur  
og gaman var að fá ykkur,  
jæja krakkar, jæja krakkar,  
takk fyrir í dag!

## Talnapula

Einn og tveir, inn komu þeir,  
þrír og fjórir, furðustórir,  
fimm, sex, sjö og átta,  
svo fóru þeir að háttá.  
Níu, tíu, ellefu og tólf,  
lögðu plögginn sín á gólf,  
svo fóru þeir að sofa  
og sína drauma að lofa.  
En um miðjan morgun  
hún mamma vakti þá,  
þrettán, fjórtán,  
fimmtán, sextán,  
fætur stukku þeir á.

## Hring eftir hring fer bangsi...

Hring eftir hring fer bangsi  
í litla lófanum á þér.  
Eitt hopp, tvö hopp!  
"Kitlar þig nokkuð hér?"

## Karl gekk út um morguntíma

Karl gekk út um morguntíma  
og taldi alla sauði sína,  
einn og tveir og þrír og fjórir,  
allir voru þeir.  
Með höndunum gerum við klapp, klapp, klapp,  
með fótunum gerum við stapp, stapp, stapp!  
Einn tveir þrír,  
ofurlítið spor,  
einmitt á þennan hátt er leikur vor.

## Druslu-lagið

Við setjum svissinn á  
og við kúplum gírnum frá,  
það er startað  
og druslan fer í gang!  
Drun, drun!!

Það er enginn vandi að aka bifreið,  
ef maður kemur henni í gang.  
Drun, drun!

## Brunabíll, köttur og skógarpröstur

Ba, bú, ba, bú, brunabíllinn flautar.  
Hvert er hann að fara?  
Vatn á eld að sprauta -  
tss, tss, tss, tss!  
Gerir alla blauta.

Mjá, mjá, mjá, mjá, mjálmar gráa kisa.  
Hvert er hún að fara?  
Út í skóg að ganga -  
uss, uss, uss, uss!  
Skógarprösti að fanga.

Bí, bí, bí, bí, skógarpröstur syngur.  
Hvert er hann að fara?  
Burt frá kisu flýgur -  
víí, víí, víí, víí!  
Loftin blá hann svífur.



## Húsdýrin

Nú skal syngja um kýrnar  
sem baula hátt í kór.  
Þær gefa okkur mjólkina  
svo öll við verðum stór.  
Mjólk, mjólk, mjólk, mjólk, mjólk.  
Mö, mö, mö . . .

Nú skal syngja um hænsnin  
sem gagga endalaust.  
Þau gefa okkur eggín,  
svo öll við verðum hraust.  
Egg, egg, egg, egg, egg.  
Ga, ga, ga . . .

Nú skal syngja um lömbin  
sem jarma sætt og blítt.  
Þau gefa okkur ullina  
svo okkur verður hlýtt.  
Ull, ull, ull, ull, ull.  
Me, me, me . . .

## Upp á grænum

Upp á grænum, grænum himinháum hól  
sá ég hérahjónin ganga.  
Hann með trommu - bomm, bomm,  
bombarombommbomm!  
Hún með fiðlu sér við vanga  
Þá læddist að þeim ljótur byssukarl  
sem miðaði í hvelli!  
En hann hitti bara trommuna sem small  
og þau hlupu og héldu velli.

## Góðann dag!

Góðann dag kæra jörð,  
góðann dag kæra sól.  
Góðann dag, kæra tré  
og blómin mín góð.

Sæl fiðrildin mín,  
og lóan svo fín.  
Góðann dag fyrir þig,  
góðann dag fyrir mig.

## Góðann dag!

Er \_\_\_\_\_ komin?  
Já hún er.  
Hún situr hér og fylgist með.  
Er María komin?  
Já hún er.  
Góðann dag, góðann dag, góðann dag.

## Ding dong

Ding dong sagði lítill grænn froskur einn dag,  
ding dong sagði lítill grænn froskur.  
Ding dong sagði lítill grænn froskur einn dag,  
og svo líka dingdongspojjojojo jo.  
King kong sagði stór svartur api einn dag,  
king kong sagði stór svartur api.  
King kong sagði stór svartur api einn dag  
og svo líka king kong ahha ha ha ha hah.  
Ummö sagði lítill græn eðla einn dag,  
ummö sagði lítill græn eðla.  
Ummö sagði lítill græn eðla einn dag  
og svo líka ummö bla blalalala.

## Litlu andarungarnir

Litlu andarungarnir  
;: allir synda vel. ;:  
;: Höfuð hneigja' í djúpið  
og hreyfa lítil stél. ;:

Litlu andarungarnir  
;: ætla út á haf. ;:  
;: Fyrst í fjarlægð skima  
og fara svo í kaf. ;:

Börnin frísk og fjörug  
;: fara öll í hring. ;:  
;: Hönd í hendi smella  
og hoppa svo í kring. ;:

## Kisa mín

Kisa mín, kisa mín,  
kisa litla grætur.  
Veistu um, veistu um  
vetrarmyrkur nætur?

Litli grís, litli grís,  
leggstu hér á feldinn.  
Sé þér kalt, sé þér kalt,  
settu sprek á eldinn.

Góða kýr, góða kýr,  
gáfuleg í auga.  
Bítur gras, bítur gras,  
býr til skrátna hauga.

Kisa mín, kisa mín,  
kúrir sig og malar.  
Kisa mín, kisa mín,  
malar um og hjalar.

## Komdu kisa mín

Komdu kisa mín,  
kló er falleg þín  
og grátt þitt gamla trýn.  
Mikið malar þú,  
mér það líkar nú.  
Víst ert þú vænsta hjú.  
Banar margri mús,  
mitt þú friðar hús.  
Ekki' er í þér lús,  
oft þú spilar brús.  
Þú ert sniðug létt og liðug  
leikur bæði snör og fús.  
Við skulum drekka dús.

## Eggín í körfunni

Sjáðu eggín hér í körfunni !  
í körfunni !  
í körfunni !  
(Nafn: \_\_\_\_\_) sveiflar núna körfunni.  
Og eggín detta á gólfið.

(Hjólín á strætó)



# Brumm brumm!

Brumm brumm, brumm-brumm!

Brumm brumm, brumm-brumm!

Bílar keyra allan daginn,  
fram og aftur út um bæinn.

Bíb bíííb! Bíb bíííb!



Brumm brumm, brumm-brumm!

Brumm brumm, brumm-brumm!

Mig langa frekar út úr bænum,  
út í sveit í einum grænum.

Bíb bíííb! Bíb bíííb!




Brumm brumm, brumm-brumm!

Brumm brumm, brumm-brumm!

Í sveitinni er gott að keyra,  
þar er margt að sjá og heyra.

Bíb bíííb! Bíb bíííb!



### Við höfum hendur til að klappa með...

Lag: Boney M. – Brown girl in the ring. texti: starfsfólk Birkikots.



Við höfum hendur til klappa með, na na na na na.  
Við höfum hendur til klappa með, na na na na na.  
Hendur til klappa með na na na na na.  
Og við klöppum öll saman í kór, klapp klapp.



Við höfum fætur til stappa með, na na na na na.  
Við höfum fætur til stappa með, na na na na na.  
Fætur til stappa með na na na na na.  
Og við stöppum öll saman í kór, stapp stapp.

Við höfum rass til að dilla með, na na na na na.  
Við höfum rass til að dilla með, na na na na na.  
Rass til að dilla með na na na na nsa.  
Og við dillum öll saman í kór, dill, dill.



Við höfum augu til blikka með, na na na na na.  
Við höfum augu til blikka með, na na na na na.  
Augu til blikka með na na na na na.  
Og við blikkum öll saman í kór, blikk, blikk.

Við höfum munn til að tala með, na na na na na.  
Við höfum munn til að tala með, na na na na na.  
Munn til að tala með na na na na na.  
Og við tölum öll saman í kór, bla, bla.



### Ég er rauður lítill héri

(Lag: Í leikskóla er gaman)  
Ég er rauður lítill héri  
og sjáið hvað ég geri.  
Ég hoppa og skoppa  
og sný mér svo í hring.  
Svo kann ég líka að klappa  
með fótunum að stappa,  
er ofsa klár að telja,  
einn og tveir og þrír.



### Líkamslagið

(lag : Gamli Nói)  
Hvar er augað? Hvar er augað?  
Sýndu mér það nú.  
Hvað gerir þú með auga?  
Hvað gerir þú með auga?  
Blikka blikka - Loka loka - Horfa út um allt



Hvar er nefið? Hvar er nefið?  
Sýndu mér það nú.  
Hvað gerir þú með nefi?  
Hvað gerir þú með nefi?  
Blása blása - Snýta snýta - Lykta út um allt

Hvar er munnur? Hvar er munnur?  
Sýndu mér hann nú.  
Hvað gerir þú með munn?  
Hvað gerir þú með munn?  
Borða borða - Drekkja drekkja - Tala allan daginn.



### Krókódill í lyftunni.



Það er krókódill í lyftunni minni  
ég er svolítið smeyk við hann.  
Það er krókódill í lyftunni minni  
og hann getur étið mann.

OOOoooooHHHhh Krókódill!!! Förum!!!

- á fyrstu hæð
- á aðra hæð
- á þriðju hæð
- á fjórðu hæð
- á fimmtu hæð

Þú færð ekki að éta mig,  
því að það er ÉG SEM RÆÐ:

### Dýrahattalagið

Gunna er með grís sem hatt  
Gunna er með grís sem hatt  
Gunna er með grís sem hatt  
og hún er með hann allan daginn!

Klapp klapp klapp klappaðu  
Klapp klapp klapp klappaðu  
Klapp klapp klapp klappaðu  
og klappaðu allan daginn!

\_\_\_\_\_ er með kött sem hatt x3  
 \_\_\_\_\_ er með hund sem hatt x3  
 \_\_\_\_\_ er með fíl sem hatt x3  
 \_\_\_\_\_ er með ljón sem hatt x3  
 \_\_\_\_\_ er með hákarl sem hatt x3  
 og hann er með hann allan daginn!

Settu hendur á höfuðið  
Settu hendur á höfuðið  
Settu hendur á höfuðið  
og vertu með þær þar allan daginn!

Og settu hendur á axlir  
og settu hendur á mjaðmir  
settu olnbogann á hnéð  
settu tærnar á nefið  
settu nefið þitt á annað nef  
og vertu með það þar allan daginn!

Klapp klapp klapp klappaðu  
Klapp klapp klapp klappaðu  
Klapp klapp klapp klappaðu  
og klappaðu allan daginn!